



# Framkvæmda- fréttir 29. tbl. /05



Brú yfir Kolgrafafjörð á vígsludegi 21. október 2005.



**Magnús Valur Jóhannsson**  
svæðisstjóri Norðvestursvæðis  
Vegagerðarinnar  
skrifar

## Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð

Á undanförunum tveimur áratugum eða svo hefur verið unnið markvisst að bættum vegasamgöngum við norðanvert Snæfellsnes. Má þar nefna stórverk á borð við veg um Ólafsvíkurenni (1984), veg yfir Hraunsfjörð (1996), veg um Búlandshöfða (1999) og Vatnaleið (2001). Nú bætist við enn einn stóráfanginn með nýjum vegi yfir Kolgrafafjörð.

Nýi vegurinn, sem leysir af hólmi eldri veg er lá fyrir fjörðinn, byrjar við heimreið að bænum Berserkseyri og liggur út á Kolgrafaodda, yfir Kolgrafafjörð, um Hjarðarbólsodda og tengist núverandi Snæfellsnesvegi í námunda við vegamót Framsveitarvegur í Grundarfirði.

Með nýjum vegi yfir Kolgrafafjörð styttist leiðin á norðanverðu nesinu um 6 km auk þess sem nú verður komið bundið slitlag á alla leiðina milli þéttbýlisstaðanna. Þetta styrkir mikið allan samgang milli staðanna og eykur möguleika þeirra á margvíslegri samvinnu. Gott dæmi um þetta er stofnun nýs framhald í opnu



Sturla Böðvarsson samgönguráðherra opnar veg yfir Kolgrafafjörð formlega með því að klippa á borða. Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri aðstoðar.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 29. tbl. 13. árg. nr. 418 31. október 2005**

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Til vinstri er Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. Heiðursmenn Vegagerðarinnar voru Kristmar Arnelsson vélamaður í Ólafsvík og Geirfinnur Þórhallsson flokksstjóri í Ólafsvík. Á milli þeirra stendur Hallgerður Jónsdóttir skeravörður en hún er dóttir séra Elínborgar prests í Grundarfirði sem er dóttir Sturlu samgönguráðherra. Lengst til hægri er Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri.

#### framhald af forsiðu

framhaldsskóla í Grundarfirði. Nýi vegurinn verður auk þess mun öruggari en gamli vegurinn sem var frekar hlykkjóttur malarvegur og lá um mjög erfitt og varasamt veðursvæði í botni fjarðarins.

Vegurinn er byggður í vegflokki C1, með heildarbreidd 7,5 m en þar af er slitlagið 7,0 m breitt. Á fyllingunni yfir fjörðinn er heildarbreidd vegarins hins vegar 9,5 m. Brúin sem liggur vestan megin í firðinum við Hjarðarbólsoddann er 230 m löng og var lengd hennar miðuð við að sjávarföll yrðu nær óbreytt frá því sem áður var. Í veginn fóru um 620 þúsund rúmmetrar af mól og auk þess voru notaðir um 120 þúsund rúmmetrar af grjóti í rofivörn sjávarfyllingarinnar. Í brúna fóru um 2.440 rúmmetrar af steypu og um 178 tonn af steypustyrktarjárni.

Hönnun vegarins var í umsjá áætlanadeildar Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Framkvæmdin var tekin í matsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum í október 2001 og annaðist veghönnunardeild Vegagerðarinnar á Akureyri gerð matsskýrslunnar. Lokahönnun verksins og gerð útboðsgagna voru unnin af veghönnunardeild Vegagerðarinnar í Reykjavík en brúadeild Vegagerðarinnar í Reykjavík sá um hönnun brúarinnar.

Verkið var boðið út í febrúar 2003. Samið var við Háfell ehf. og Eykt ehf. um verkið og hófust framkvæmdir í lok apríl 2003. Vegurinn var lagður bundnu slitlagi og opnaður fyrir umferð haustið 2004 sem var 6 mánuðum á undan áætlun. Verktakinn lauk síðan við sinn hluta verksins síðastliðið sumar.

Eftirlit og umsjón með þessari framkvæmd var í höndum framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar í Borgarnesi.

## Niðurstöður útboða

### Vestfjarðavegur (60)

um Svínadal 05-053

Tilboð opnuð 18. október 2005. Endurlögn Vestfjarðavegar á 13,5 km löngum kafla frá Sælingsdalsvegi að Bersatungu.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	46.000 m <sup>3</sup>
Fylling og fláafleygar	182.000 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	830 m
Burðarlag	67.000 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	97.200 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður			
	verktakakostnaður	298.979.822	100,0	92.323
4	Vbf. Mjöllnir, Selfossi	250.406.000	83,8	43.749
3	Klæðning hf., Kópavogi	250.000.000	83,6	43.343
2	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	231.262.445	77,4	24.606
1	KNH ehf., Ísafirði	206.656.720	69,1	0

## Niðurstöður útboða

### Hafnarfjarðarvegur (40), göngubrú yfir Kópavogslæk 05-065

Tilboð opnuð 18. október 2005. Bygging steinsteyprar göngubrúar utan á núverandi brú yfir Kópavogslæk og gerð 3 m breiðs göngustígs að henni beggja vegna.

Helstu magntölur eru:

Steinsteypa	18 m <sup>3</sup>
Járnalögn	2.100 kg
Fylling	4.300 m <sup>3</sup>
Grjótvörn	1.900 m <sup>3</sup>
Göngustígur með malbiksslitlagi	590 m

Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2006.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6 Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ	34.936.500	139,7	10.808
5 Jarðkraftur ehf., Kópavogi	33.678.650	134,7	9.550
4 Loftorka ehf., Garðabæ	32.277.500	129,1	8.149
3 Klæðning hf., Kópavogi	28.000.000	112,0	3.871
--- Áætlaður verktakakostnaður	25.000.000	100,0	871
2 Jarðvélar ehf., Kópavogi	24.590.400	98,4	462
1 Trévinnustofan ehf., Kópavogi	24.128.531	96,5	0

### Krýsuvíkurvegur (42), Hraunhella – Hamranes 05-037

Tilboð opnuð 18. október 2005. Gerð 1,5 km kafla af Krýsuvíkurvegi í nýrri legu ásamt um 0,5 km kafla af Hraunhelli. Gera skal hringtorg á gatnamótum Krýsuvíkurvegar og Hraunhelli.

Helstu magntölur eru:

Skering í laus jarðlög	13.000 m <sup>3</sup>
Bergskering	14.000 m <sup>3</sup>
Fylling og burðarlag	44.000 m <sup>3</sup>
Malbik	26.000 m <sup>2</sup>
Kantsteinar	1.700 m

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2006.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	127.000.000	100,0	30.728
6 Jarðvélar ehf., Kópavogi	124.345.850	97,9	28.073
5 Loftorka Reykjavík ehf.	122.723.000	96,6	26.451
4 Klæðning ehf., Kópavogi	120.000.000	94,5	23.728
3 Háfell ehf., Reykjavík	111.800.000	88,0	15.528
2 Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ	99.999.900	78,7	3.728
1 Borgarvirki ehf., Kópavogi	96.272.365	75,8	0



Framkvæmdir við Þorlákshafnarveg í Svínahrauni 7. september.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð		Auglýst: dagur, mánuður, ár	
05-072	Héðinsfjarðargöng, eftirlit		06
05-050	Norð austurvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging		06
05-064	Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit		05
05-066	Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut		05
05-047	Hringvegur (1), Arnórstaðamúli		05
05-046	Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri		05
05-044	Norð austurvegur (85), Arnarstaðir - Kópasker		05
05-041	Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar		05
05-039	Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn		05
05-038	Garðskagavegur (45) um Sandgerði		05
05-019	Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti		05
05-003	Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)		05
03-009	Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki		05
03-092	Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit		05
05-054	Pverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrókur		05
04-006	Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði		05
04-072	Garðskagavegur (45) um Ósabotna		05
04-083	Smíði vegriðsstoða		05
Auglýst útboð		Auglýst: Opnað:	
05-079	Hafnavegur (44) við Hafnir	31.10.05	15.11.05
05-036	Nesvegur (425), Reykjanes - Staður	31.10.05	15.11.05
05-063	Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, eftirlit	17.10.05	15.11.05
05-082	Eyjavegur (364)	17.10.05	01.11.05
05-035	Héðinsfjarðargöng - forval	10.10.05	13.12.05
05-058	Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík	26.09.05	08.11.05
Útboð á samningaborði		Auglýst: Opnað:	
05-065	Göngubrú yfir Kópavogslæk	03.10.05	18.10.05
05-053	Vestfjarðavegur (60) um Svínadal	03.10.05	18.10.05
05-037	Krísuvíkurvegur (42), Hraunhella - Hamranes	03.10.05	18.10.05
05-067	Djúpvegur (61), Kjörseyri að Prestbakka	26.09.05	11.10.05
05-060	Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur, eftirlit	29.08.05	13.09.05
Samningum lokið:		Opnað: Samið:	
05-056	Strandavegur (643), Illaholt - Blæja Borgarvirki ehf.	06.09.05	05.10.05
05-059	Heiðmerkurvegur (408), malbikun 2005 Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas hf.	30.08.05	25.10.05

## Auglýsingar útboða

### Hafnavegur (44)

#### við Hafnir 05-079

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð 1,2 km vegarkafla ofan við byggðina í Höfnum.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	620 m <sup>3</sup>
Fylling og burðarlag	14.200 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	10.000 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	10.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 17. desember 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 31. október 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 15. nóvember 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Nesvegur (425),

#### Reykjanes - Staður 05 - 036

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbætur og lagfæringar ásamt lagningu klæðingar á um 8,6 km vegarkafla á milli Reykjanes og Staðar.

Helstu magntölur eru:

Skering í laus jarðlög	36.000 m <sup>3</sup>
Bergskering	7.600 m <sup>3</sup>
Fylling og burðarlag	70.000 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	56.500 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 31. október 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 15. nóvember 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



## ICERA

Yfirstjórn Vegagerðarinnar ákvað á fundi mánudaginn 5. september sl. að breyta heiti Vegagerðarinnar á ensku úr Public Roads Administration í Icelandic Road Administration, skammstafað ICERA.